



GRÍMSNES OG GRAFNINGSHREPPUR

Aðalskipulag 2008 - 2020

Sogsvirkjanir

Breyting á landnotkun

Drög-02

Greinargerð

10. maí 2021

Pétur H. Jónsson skipulagsfr. arkitekt f.a.í.
Laugaveg 13, 101 Reykjavík
Sími: 562-4140 Netfang: ima@simnet.is

Skipulagsgögn:
Aðalskipulagsuppráttur Mkv. 1 : 10.000
Greinargerð

Aðalskipulagsbreyting þessi, sem kynnt hefur verið samkvæmt
30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og auglýst samkvæmt 31. gr.
sömu laga var samþykkt í sveitarstjórn þann 20

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun
þann..... 20

EFNISYFIRLIT

1.0	INNGANGUR.....	4
1.2	FORSENDUR.....	4
1.3	MARKMIÐ AÐALSKIPULAGSBREYTINGAR OG DEILISKIPULAGS.....	4
2.0	TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR OG FYRIRLIGGJANDI STEFNA.....	5
2.1	LANDSSKIPULAGSSTEFNA 2015 - 2016.....	5
2.2	KERFISÁÆTLUN LANDSNETS 2020 - 2029.....	6
2.3	AÐALSKIPULAG GRÍMSNES OG GRAFNINGSHREPPS 2008 - 2020.....	7
3.0	VERNDARSVÆÐI.....	8
3.1	VERND VATNASVIÐS ÞINGVALLAVATNS.....	8
3.2	LÖG UM NÁTTÚRUVERND.....	8
3.3	SVÆÐI Á NÁTTÚRUMINJASKRÁ.....	8
3.4	HVERFISVERND.....	8
3.5	MINJEVERND OG HÚSAKÖNNUN.....	8
4.0	SKIPULAGSSVÆÐIÐ OG STAÐHETTIR.....	9
4.1	NÁTTÚRA.....	9
4.2	YFIRBRAGÐ BYGGÐAR.....	10
5.0	AÐALSKIPULAGSBREYTING.....	11
5.1	IÐNAÐARSVÆÐI.....	11
5.2	ÍBÚÐIR.....	13
5.3	SAMFÉLAGSÞJÓNUSTA.....	13
5.4	SAMGÖNGUR.....	13
5.5	OPIN SVÆÐI.....	13
5.6	RAFVEITA.....	14
5.7	VATNSVEITA.....	15
5.8	HITAVEITA.....	15
5.9	FRÁRENNSLI.....	15
5.10	SORP.....	15
5.11	VATNSVERNDARSVÆÐI ÞINGVALLAVATNS.....	15
6.0	UMHVERFISSKÝRSLA.....	16
6.1	UMHVERFISÞÆTTIR OG ÁHERSLUR.....	16
6.2	UMHVERFISMAT - AÐFERÐIR OG STEFNA.....	17
6.3	UMFJÖLLUN UM KOSTI OG UMHVERFISÞÆTTI.....	17
6.4	NIÐURSTAÐA.....	18
7.0	MÁLSMEDFERÐ.....	19
7.1	SKIPULAGSLÝSING.....	19
7.2	UMSAGNAADILAR.....	19
7.3	SKIPULAGSFERLI.....	19

1.0 INNGANGUR

Landsvirkjun vinnur að gerð deiliskipulags fyrir Sogsvirkjanir í Grímsnes- og Grafningshreppi. Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir stöðvarnar. Deiliskipulagið snýst í meginráttum um að staðfesta núverandi landnotkun. Samhliða vinnu við deiliskipulag fyrir svæðið verður gerð breyting á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningsshrepps 2008-2020 til samræmis.

1.2 FORSENDUR

Aðalskipulagsbreytingin er gerð til að samræma aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepp 2008 - 2020 og fyrirliggjandi deiliskipulagstillögur sem nær yfir svæði Sogsvirkjana í Grímsnesi. Í aðalskipulagsbreytingunni er ekki um að ræða breytingu á stefnu í aðalskipulagi varðandi virkjanasvæðin, heldur er verið að aðlaga aðalskipulagið á uppdrætti og í greinargerð betur að núverandi aðstæðum. Deiliskipulagstillögurnar taka til Írafossstöðvar, Ljósafossstöðvar og Steingrímsstöðvar. Stöðvarnar voru teknar í notkun á árunum 1937-1959. Tengivirki er við Írafossstöð og þangað og þaðan liggja nokkrar háspennulínur. Svæðið umhverfis stöðvarnar er vel gróið og hefur trjáplöntum verið plantað á hluta þess. Við Írafossstöð og Steingrímsstöð eru íbúðarhús sem nýtt eru fyrir starfsfólk. Níu holu golfvöllur er við Írafossstöð. Aðkoma að öllum stöðvunum er af Þingvallavegi. Grafningsvegur efri liggur til vesturs af Þingvallavegi.

1.3 MARKMIÐ AÐALSKIPULAGSBREYTINGAR OG DEILISKIPULAGS

Helstu markmið sveitarstjórnar með aðalskipulagsbreytingunni er að leggja línur, sem eru svo nánar útfærðar í deiliskipulagi svæðanna sem nú er í vinnslu, svo sem ákvæði um yfirbragð byggðar, ný mannvirki, aðkomu og niðurrif á mannvirkjum auk lýsingar á núverandi staðhættum. Deiliskipulaginu er síðan ætlað að setja ramma utan um starfsemi á svæðinu og viðhald hennar til framtíðar og að framkvæmdir séu í samræmi við samþykkt skipulag.

Við Steingrímsstöð og á svæðinu umhverfis hana snýst aðalskipulagsbreytingin og deiliskipulagið um að staðfesta núverandi landnotkun. Við Írafoss er áformað að reisa tengivirki og við Ljósafossstöð er áformað að reist verði vetnisstöð. Ennfremur er ráðgert að taka niður háspennulínu og fjarlægja gömul hús á svæðinu. Þá verða vegtengingar af Þingvallavegi endurskoðaðar. Að öðru leyti er ekki gert ráð fyrir frekari framkvæmdum á svæðunum.

Markmið Landsvirkjunar með gerð deiliskipulags fyrir Sogstöðvar er að:

- Hafa gildandi deiliskipulag fyrir starfsstöðvarnar.
- Tryggja örugga umgjörð um aðgengi að svæðinu.
- Byggingaskilmálar séu til fyrir hús og önnur mannvirki.

Áhersla er lögð á að allar framkvæmdir falli vel að þeim mannvirkjum sem fyrir eru og falli einnig vel að landslagi og ásýnd svæðisins. Gerð verður grein fyrir helstu veituvinnviðum eins og vatnsveitum tengingu rafmagns, háspennulínum og staðsetningu fráveitu. Samhliða deiliskipulagsvinnu verður framkvæmd mannvirkjaskráning (húsakönnun) og skráðar fornminjar innan skipulagssvæðis.

2.0 TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR OG FYRIRLIGGJANDI STEFNA

2.1 LANDSSKIPULAGSSTEFNA 2015 - 2026

Samkvæmt landskipulagsstefnu ber sveitarfélögum að marka stefnu um gæði og yfirbragð byggðar og annarra mannvirkja í dreifbýli. Þar segir enn fremur að ákvarðanir um staðsetningu og hönnun mannvirkja skuli taka mið af byggingarhefðum, landslagi og staðháttum. Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði leitast við að varðveita náttúru- og menningargæði sem hafa staðbundið, eða víðtækara, gildi út frá sögu, náttúrufari eða menningu. Skipulag gefi kost á að nýta orkulindir í dreifbýli með sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi. Jafnframt gefi skipulag kost á uppbyggingu flutningsmannvirkja raforku sem tryggir örugga afhendingu raforku. Mannvirki vegna orkuvinnslu og orkuflutnings falli sem best að landslagi og annarri landnotkun.

Gæta skuli að hagkvæmni varðandi samgöngur og veitur og að byggð skerði ekki að óþörfu gott landbúnaðarland eða svæði sem eru mikilvæg vegna náttúrufars. Það er einnig vilji sveitarfélagsins að umgengni sé hvarvetna til fyrirmyndar.

Markmið:

- o Öll mannvirki skulu falla sem best að náttúrulegu umhverfi á hverjum stað og gæta skal samræmis við nálægar byggingar.
- o Mannvirki skulu ekki valda skaða á náttúru- eða menningarminjum.
- o Umgengni verði til fyrirmyndar.
- o Útilýsing skal vera þannig að ekki verði um óþarfa ljósmengun að ræða né valdi hún nágrönnum ónæði.
- o Landnotkun stuðli að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi.

Leiðir:

- o Byggingum verði vel viðhaldið og ónýtar byggingar rifnar og fjarlægðar. Þó skal gætt að varðveislugildi bygginga með tilliti til menningar- og sögulegs gildis þeirra.
- o Íbúar verði hvattir til snyrtilegrar umgengni.
- o Reglulega verði staðið fyrir hreinsunarátaki í sveitarfélaginu.
- o Fordast skal óþarfa lýsingu, ljósinu skal beint niður, eða það skermað af og haft í huga að ljós valdi nágrönnum sem minnstum óþægindum.

Í byggingareglugerð nr. 112/2012 eru m.a. sett fram markmið fyrir verndun náttúrufars og eins fyrir birtu og lýsingu. Í gr. 15.1.1 segir:

„Við hönnun og gerð mannvirkja ber ávallt að taka tillit til umhverfis og náttúrufars. Leitast skal við, eftir því sem aðstæður leyfa, að láta mannvirki falla sem eðlilegast að umhverfinu og hafa sem minnst truflandi áhrif á náttúrufar og gerð landslags í næsta nágrenni“.

Í gr. 10.4.1. segir:

„Mannvirki skulu þannig hönnuð og byggð að öll birtuskilyrði og ljósmagn sé í fullu samræmi við þá starfsemi sem fer fram við eða innan mannvirkisins, án þess að óeðlilegur truflandi hiti eða óeðlileg glýjumyndun verði vegna lýsingar. Við mat á eðlilegum birtuskilyrðum ber að taka tillit til þarfa allra aldurshópa“.

Í grein 10.4.2. segir enn fremur að

„Við hönnun á útilýsingu skal þess gætt að ekki verði um óþarfa ljósmengun að ræða frá flóðlýsingu mannvirkja. Tryggja skal að útilýsingu sé beint að viðeigandi svæði og nota skal vel skermaða lampa sem varpa ljósinu niður og valda síður glýju og næturbjarm“.

2.3 KERFISÁÆTLUN LANDSNETS 2020 - 2029

Fyrir liggur Kerfisáætlun Landnets 2020-2029 sem var samþykkt af Orkustofnun, þann 26. mars 2021. Í langtímaáætlun Kerfisáætlunar Landsnets er m.a. skoðaðir valmöguleikar varðandi uppbyggingu flutningskerfis á Suðurlandi. Þar kemur til álita að Sogslína 2 verð tekin niður. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvaða leið verður fyrir valinu og telur Landsnet því mikilvægt, að áfram verði gert ráð fyrir háspennulínunni í aðalskipulagi. Endurnýjun tengivirkis á Írafossi er á langtímaáætlun en ótímasett. Landsnet telur æskilegt að aðalskipulagið geri ráð fyrir svigrúmi til þeirrar endurnýjunar.

2.2 AÐALSKIPULAG GRÍMSNES OG GRAFNINGSHREPPS 2008 - 2020

Í Aðalskipulagi Grímsnes og Grafningshrepps 2008 - 2020, falla stöðvarnar þrjár og háspennulínur að þeim og frá undir landnotkunina iðnaðarsvæði. Í aðalskipulagsbreytingunni er reiknað með að svo verði áfram og þar verður einnig gerð grein fyrir opnum svæðum, stofnanasvæðum, íbúðarsvæðum, golfvelli, hverfisverndarsvæðum og svæðum á náttúruminjaskrá. Í aðalskipulagsbreytingunni er almenn stefna og markmið varðandi Sogsvirkjanir og umhverfi þeirra óbreytt frá núverandi aðalskipulagi, þar sem um er að ræða í megin atriðum nánari og nákvæmari útfærslu á því sem fyrir er á svæðunum.

Deiliskipulag sem ráðgert er að vinna samhliða aðalskipulagsbreytingunni verður unnið í samræmi við þau megin markmið aðalskipulagsins sem fjallað er um á bls. 26 í greinargerð Aðalskipulags Grímsnes- og Grafningshrepps 2008 - 2020 sem eru eftirfarandi:

- o Að stuðla að kröftugri uppbyggingu í sveitarfélaginu í sátt við núverandi byggð, umhverfi og náttúru
- o Að skapa fjölbreytta búsetukosti í sveit og þéttbýli, með framboði íbúðarlóða á skipulögðum íbúðarsvæðum, á smábýlum og markvissum reglum um byggingu íbúðarhúsa á landbúnaðarsvæðum
- o Að tryggja sess svæðisins sem eftirsóknarverðustu frístundabyggð landsins, með skýrum leikreglum, viðhaldi umhverfisgæða og uppbyggingu þjónustu
- o Að skapa skörp skil milli byggðasvæða fyrir heilsárshús (íbúðarhús) og frístundahús, t.a.m. með markvissri skilgreiningu útivistarsvæða, skógræktarsvæða og óbyggðra svæða
- o Að tryggja góð skilyrði fyrir atvinnustarfsemi og þjónustu í þéttbýli með fjölbreyttu framboði lóða
- o Að viðhalda fjölþættri nýtingu lands til sveita og skapa starfsemi á bújörðum ákveðið svigrúm, þar sem saman geta farið hefðbundinn landbúnaður, ferðaþjónusta, byggingarstarfsemi og þjónusta vegna uppbyggingar frístundabyggða
- o Að tryggja öruggar og skilvirkar samgöngur á svæðinu og gott sambýli akandi, gangandi, ríðandi og hjólandi umferðar; t.a.m. með því að lágmarka gatnatengingar, vegna nýrra byggðasvæða, við helstu umferðaræðar, samnýtingu afleggjara og samvinnu landeigenda, sveitarstjórnar og Vega-gerðar um gerð stíga
- o Að áætlun um verndun náttúru- og útivistarsvæða verði skýr og þau svæði sem klárlega beri að vernda verði skýrt afmörkuð
- o Að auðlindir svæðisins verði nýttar til atvinnu- og verðmætasköpunar án þess að gengið verði á mikilvæg svæði með verndargildi
- o Að tryggja uppbyggingu og þróun þjónustustofnana í sveitarfélaginu, sem mæta þörfum hinnar vaxandi byggðar
- o Að móta markvissa áætlun um framtíðarskipulag byggðar, sem setur almennar leikreglur um uppbyggingu en ekki stíf þvingunarúrræði

3.0 VERNDARSVÆÐI

3.1 VERND VATNASVIÐS ÞINGVALLAVATNS

Mannvirki Steingrímsstöðvar eru innan vatnasviðs Þingvallavatns. Verndun vatnasviðs Þingvallavatns er skv. lögum nr. 85/2005. Innan verndarsvæðisins er óheimilt að gera nokkuð það sem getur spillt vatni eða mengað það, bæði yfirborðsvatn og grunnvatn. Umhverfisráðherra setur, að höfðu samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir og iðnaðarráðuneytið, nánari reglur um framkvæmd vatnsverndar, þar með talið um jarðrask, byggingu mannvirkja, borun eftir vatni, töku jarðefna, vinnslu auðlinda úr jörðu og ræktunarframkvæmdir, auk reglna um flutning og meðferð hættulegra efna. Landeigendur/ábúendur hafa hefðbundin beitar- og búskaparafnot af nytjalandi sínu.

3.2 LÖG UM NÁTTÚRUVERND

Umfjöllun um sérstaka vernd tiltekinna vistkerfa, jarðminja o.fl. sem fjallað er um í 61. gr. laga um náttúruvernd og um vernd bakkagróðurs skv. 62. gr. sömu laga, skal tillit til í skipulagsvinnunni.

3.3 SVÆÐI Á NÁTTÚRUMINJASKRÁ

Eftirtalin svæði eru á náttúruminjaskrá:

743. Þingvellir og Þingvallavatn, ásamt eyjum og strandlengju umhverfis vatnið. Þingvallavatn er lífaðugt vatn í sigdal og má þar m.a. finna fjögur afbrigði af bleikju.

747. Alviðra og Sog. Sog, með 200 metra spildu beggja vegna, frá ármótum Hvítár upp að Írafossvirkjun (Ýrufossvirkjun), ásamt Álftavatni öllu með eyjum, svo og mýrlendi vestan vatnsins. Fjölbreyttur gróður og fuglalíf. Kjörið útivistarsvæði.

Svæðið Sogið-Þingvallavatn er tilnefnt vegna fugla og er alþjóðlega mikilvægt svæði fyrir himbrima, húsöng og gulönd.

3.4 HVERFISVERND

Tvö svæði eru innan og í nágrenni við skipulagssvæðin í Aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020. Er það H20, Kermýri og strandsvæði við Sog og H22, Skinnhúfuhöfði og Sogsglúfur. Jarðrask á ofangreindum svæðum er með öllu óheimil og einvörðu verður leyfð takmörkuð mannvirkjagerð sem tengist útivist.

3.5 MINJAVERND OG HÚSAKÖNNUN

Fornminjar verða skráðar í tengslum við gerð deiliskipulags og gerð grein fyrir þeim. Jafnframt verður gerð húsakönnun (mannvirkjaskráning).

Við allar framkvæmdir á svæðinu skal leggja áherslu á verndun náttúrulegrar ásýndar svæðisins og að lágmarka áhrif byggðar og mannvirkja og skulu því mannvirki falla að svipmóti lands og skal lita- og efnisval miða við náttúrulega liti í umhverfinu.



Skipulagssvæðin eru sýnd með gulri línu.

4.0 SKIPULAGSSVÆÐIÐ OG STAÐHÆTTIR

Aðalskipulagsbreytingin nær yfir tvö svæði. Annars vegar neðra svæði sem er um 95 ha að stærð og þar eru Írafossstöð og Ljósafossstöð og hins vegar efra svæði sem er um 44 ha og þar er Steingrímsstöð.


4.1 NÁTTÚRA

Við Steingrímsstöð er vel gróið en nokkurt rof vestan til. Svæðið við Írafoss- og Ljósafossstöðvar er grasi gróið og nokkuð hefur verið um skógrækt þar. Undanfarna áratugi hefur Landsvirkjun unnið að uppgræðslu og skógrækt umhverfis Sogsstöðvar. Sett hafa verið mörk á mesta og minnsta rennsli í Sogi neðan við Írafossstöð. Við gerð Steingrímsstöðvar var byggð stífla í útfalli Þingvallavatns og er nú afrennsli vatnsins í Efra Sog stjórnað. Leitast hefur verið við að halda rennsli og vatnshæðum innan ákveðinna marka og settar reglur um tilhögun þess. Tilgangurinn með þessu er að tryggja að lífríki verði fyrir sem minnstri röskun vegna mögulegra breytinga á vatnshæð og rennsli og einnig að nýta botn Efra Sogs.

4.2 YFIRBRAGÐ BYGGÐAR

Í skýrslu um húsakönnun fyrir Sogstöðvar segir um Mannvirki: „Flest mannvirki Sogsvirkjana eru steinsteyppt með ljósu yfirbragði, sum eru með seinni tíma klæðningu. Mannvirkin bera yfirbragð fúnksjónalisma og norrænar klassíkur. Mannvirki Sogsvirkjana endurspegla einstakt og vandað brot í byggingasögulandsins. Þau eru vitnisburður um framsækna hugsun verkmenningu samtímans og afrek í mannvirkjagerð“.

Umfjöllun um umhverfi og yfirbragð byggðar, markmið og leiðir í kafla 2.1, skulu höfð að leiðarljósi við deiliskipulagsgerð á svæðinu.



Hluti úr Aðalskipulagi Grímsnes og Grafningshrepps 2008 - 2020

5.0 AÐALSKIPULAGSBREYTING

Aðalskipulagsbreyting þessi og fyrirliggjandi deiliskipulagstillögur eru fyrst og fremst ætluð til að staðfesta núverandi landnotkun á svæðinu. Eftirfarandi breytingar er gerðar á Aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2008 - 2020 til að samræma það fyrirliggjandi deiliskipulagstillögum.

5.1 IÐNADARSVÆÐI

Á svæðinu er þrjár virkjanir:

- Steingrímsstöð L170935 er byggð árið 1959 og er uppsett afl hennar 27 MW. Stöðvarhús hennar er samkvæmt Þjóðskrá Íslands 1682,4 fm
- Írafossstöð L168922 er byggð árið 1953 og er uppsett afl hennar 48 MW. Stöðvarhús (neðan.) er samkvæmt Þjóðskrá Íslands 1632,7 fm. Við hana er einnig skráð 1677,6 fm þjónustuhús.
- Ljósafofsstöð L168926. Rekstur hófst árið 1937 og var virkjunin stækkuð 1944. Uppsett afl hennar er 16 MW. Stöðvarhús hennar er samkvæmt Þjóðskrá Íslands 1728.3 fm.

Breytingar verða gerðar á stærð iðnaðarsvæðanna og lögun þeirra breytt og hver virkjun fær sér lóð og númer. Við Ljósafossstöð áformar Landsvirkjun að hefja vetnisvinnslu. Að mati Landsvirkjunar er svæði nærri Ljósafossstöð hentugt fyrir slíka starfsemi. Landsvirkjun áformar að uppsett afl rafgreinis verði allt að 10 MW. Gert er ráð fyrir að stærð lóðar verði um það bil 50 m x 70 m og yrði aðkoma að lóðinni frá Ljósafossstöð. Stærð vetnisstöðvar yrði um það bil 23 m x 30 m (700 fm) og hæð byggingar um 6,5 m. Þá þarf að gera ráð fyrir aðkomu og útsvæði fyrir geymslu og flutninga. Í fyrirhugaðri aðalskipulagsbreytingu er því gert ráð fyrir að íbúðarsvæði vestan við Ljósafossvirkjun sem er í núverandi aðalskipulagi skilgreint sem íbúðarbyggð verði breytt í iðnaðarsvæði. Við Írafossstöð er gert ráð fyrir byggingu húss fyrir tengivirki. Á svæðinu er einnig gert ráð fyrir tveimur nýjum lóðum undir dæluhús og símstöð.

Breytingar á uppdrætti: Stærð og lögun iðnaðarsvæðanna breytt og hver virkjun fær sér númer
Breytingar í töflu í greinargerð:

Tafla 15: Iðnaðarsvæði í aðalskipulagi Grímsnes og Grafningshrepps 2008-2020: Liður I2 breytist í I2a, I2b, I2c, þar sem hver virkjun fær sitt númer. I15, I16 og I20 eru nýir liðir í töflu og eru lóðir fyrir dæluhús, símstöð og vetnisvinnslu.

Liður 2 í töflu merktur I2 er:

Tilvísun	Heiti	Lýsing/Landnotkun	Landgæði**	Stærð (ha)	Nýtingahlutfall
I2	Sogsfossar (3 svæði)	Vatnsaflsvirkjanir	A/B	12,5	0,2-0,4

Verður:

Tilvísun	Heiti	Lýsing/Landnotkun	Landgæði**	Stærð (ha)	Nýtingahlutfall
I2a	Steingrímsstöð	Vatnsaflsvirkjanir	A/B	5,48	0,2-0,4
I2b	Ljósafossstöð	Vatnsaflsvirkjanir	A/B	5,2	0,2-0,4
I2c	Írafossstöð	Vatnsaflsvirkjanir	A/B	7,97	0,2-0,4
I15	Ljósatröð 1	Dæluhús	A/B	0,02305	0,05-0,15
I16	Ljósatröð 2	Símstöð	A/B	0,00944	0,05-0,15
I20	Ljósafossstöð	Vetnisvinnsla	A/B	0,9	0,2-0,4

Tengivirki er við Írafossstöð og verður byggt hús yfir hluta þess. Tengivirkishúsið verður byggt þar sem núverandi tengivirki er.

5.2 ÍBÚÐIR

Við Steingrímsstöð eru tvö íbúðarhús og verður afmörkuð sameiginleg lóð umhverfis þau. Við Írafossstöð er fjórar parhúsaloðir og eru þær allar byggðar. Við Írafossstöð er íbúðarhús sem verður fjarlæggt. Einnig er íbúðarhús norðan aðkomuvegar að Ljósafossstöð sem verður fjarlæggt.

Breytingar í töflu í greinargerð:

Tafla 1: Íbúðarsvæði í aðalskipulagi Grímsnes og Grafningshrepps 2008-2020

Liður 8 í töflu 1 merktur Íb6 er:

Tilvísun	Heiti	Gerð	Stærð (ha)	Þéttleiki (íb/ha)	Hæðir húsa
Íb6	Sogsfossar (starfsmannaíbúðir)	B	2	stakar lóðir, fullbyggt	1-2

Verður:

Tilvísun	Heiti	Gerð	Stærð (ha)	Þéttleiki (íb/ha)	Hæðir húsa
Íb6a	Steingrímsstöð 1 (starfsmannaíbúðir)	B	1	stakar lóðir, fullbyggt	1-2
Íb6a	Írafoss 1 - 4 (starfsmannaíbúðir)	B	0,8	stakar lóðir, fullbyggt	1-2

5.3 SAMFÉLAGSPJÓNUSTA

Sundlaugin við Írafossstöð verður fjarlægð.

Samfélagsþjónusta merkt þ11, sundlaug fellur út af uppdrætti, í greinargerð og í töflu 7, liður 12.

5.4 SAMGÖNGUR

Aðkoma að Írafoss- og Ljósafossstöð er af Þingvallavegi nr. 36. og Grafningsvegur efri, nr. 360, liggur um Írafossstöð. Austan Þingvallavegar, á móts við Írafoss- og Ljósafossstöðvar, er nokkur sumarhúsabyggð. Flestir bústaðirnir hafa sér aðkomuveg af Þingvallavegi. Vegur að Ljósatröð 1 og 3 er eingöngu ætlaður starfsmönnum sem sinna viðhaldi símstöðvar og hitaveitu. Sett verður læst hlið á veginn. Norðan við veg að Ljósafossstöð er vegur að íbúðarhúsi. Húsið verður fjarlæggt og því ekki lengur þörf fyrir veginn og honum lokað. Aðkomuvegur er af Þingvallavegi norðan við Ljósafossstöð og að golfvellinum. Þessum vegi verður lokað og gerður nýr vegur frá Ljósafossstöð. Austan við Ljósafossstöð er opið svæði sem unnið hefur verið að skógrækt undanfarin ár. Gert er ráð fyrir nýjum aðkomuvegi norðarlega á svæðinu. Aðkoma að Steingrímsstöð er af Þingvallavegi nr. 36 og um Steingrímsstöðvarveg. Norðan við Steingrímsstöð liggur vegur að sumarhúsum Orkuveitu Reykjavíkur. Hluti vega á skipulagssvæðinu eru vinnuvegir og eingöngu ætlaðir vegna þjónustu eða viðhalds á stöðvarmannvirkjum. Þessir vegir eru skilgreindir sem vinnuvegir og sýndir sérstaklega á uppdráttum.

5.5 OPIN SVÆÐI

Annað land innan skipulagssvæðanna er skilgreint sem opið svæði. Á hluta landsins hefur verið unnið að skógrækt á undanförunum árum. Stefnt er að áframhaldandi skógrækt víðs vegar á svæðinu, einkum spildu austan Þingvallavegar. Þá verður unnið að uppgræðslu á þeim svæðum þar sem þess er þörf. Við Írafoss- og Ljósafossstöðvar er 9 holu golfvöllur sem hefur verið til afnota fyrir starfsfólk Landsvirkjunar.

Í greinargerð aðalskipulagsins bls. 71 fellur liður 2. Íþróttasvæði við Ýrufoss (Í2) út.


5.6 RAFVEITA

Nokkrar háspennulínur og rafstrengir eru innan skipulagssvæðisins. Eru þeir sýndir á skipulagsupprætti og taldir upp í eftirfarandi töflu.

Háspennulínur og rafstrengir:

Heiti	Stærð kv	Lýsing:
Steingrímsstöðvarlína	66	Loftlína og jarðstrengur frá Steingrímsstöð að Ljósafofssstöð.
Búrfellslína 1	220	Loftlína frá Búrfellsstöð að tengivirki Írafossstöð.
Sogslína 2	132	Liggur frá tengivirki Írafossstöð að völlum í Ölfusi. Lína er vikjandi.
Sogslína 3	220	Loftlína frá Írafossstöð að tengivirki við Stóraskyggfir
Hveragerðislína 1	66	Loftlína frá Ljósafofssstöð að tengivirki á völlum í Ölfusi.
Selfosslína 1	66	Jarðstrengur og loftlína frá Ljósafofssstöð að tengivirki við Selfoss.
Ljósafofslína 1	66	Jarðstrengur frá Ljósafofssstöð að Írafossstöð.

Æskilegt væri að sem flestar háspennulínur á svæðinu verði settar í jörð og þar sem háspennulínur eru lagðar ofanjarðar verði leitast við að draga úr sjónrænum áhrifum á náttúrulegt landslag og hefðbundið búsetulandslag.



Helgunarsvæði háspennulína er misbreitt en almennt gildir að því hærri spennu, því breiðara helgunarsvæði (reglugerð um raforkuvirki nr. 678/2009).

Innan helgunarsvæðis loftlína gildir byggingarbann þ.e. á því svæði er óheimilt að reisa mannvirki og skógrækt er takmörkum háð, en ýmis önnur landnotkun er leyfð. Innan öryggissvæðis jarðstrengja eru allar framkvæmdir bannaðar. Utan við öryggissvæðið þarf svæði til hvorrar hliðar, s.k. athafnasvæði, þar sem nauðsynlegar framkvæmdir eru heimilar í samráði við Landsnet, meðal annars gróðursetning trjáplantna. Nauðsynlegt er að tryggja greiðan aðgang að strengjum vegna eftirlits, viðhalds og viðgerða. En það getur átt við aðgengi ýmissa vélknúinna tækja, allt eftir eðli verkefna. Áhrifasvæði jarðstrengs miðast við öryggissvæði, en ekki er um formlegt helgunarsvæði að ræða. Öryggissvæðið tekur mið af skurðbreidd strengs og raskbelti vegna lagningar jarðstrengja er háð spennustigi og aðstæðum á hverjum stað.

Háspennulínur, með flutningsgetu 66 kV eða meira eru matsskyldar skv. reglugerð nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum. Raflínur 33 kV eða meira, hvort heldur er um jarðstrengi eða loftlínur að ræða eru framkvæmdaleyfis skyldar og eftir atvikum tilkynningaskyldar s.s. á verndarsvæðum. Stofnlínur og strengir 66 kV og stærri eru sýndir á skipulagsupphráttum.

Nánar verður gerð grein fyrir háspennulínum, jarðstrengjum og helgunarsvæðum þeirra í deiliskipulagi.

5.7 VATNSVEITA

Vatnsból fyrir Steingrímsstöð og íbúðarhús þar, er í hlíðinni suðvestan stöðvarhúss. Vatnsverndarsvæði er afmarkað í hlíðinni ofan vatnsbólsins. Vatnsból fyrir Írafoss- og Ljósafossstöð er í landi Efri-Brúar og eru mannvirki á því svæði tengd vatnsveitu þaðan.

5.8 HITAVEITA

Öll mannvirki á svæðinu eru tengd hitaveitu.

5.9 FRÁRENNSLI

Núverandi rotþrær eru sýndar á deiliskipulagsupphráttum. Rotþró við Ljósafossstöð annar ekki salernum sem ætluð eru fyrir gesti sem þangað koma. Skipta þarf um rotþró og e.t.v. velja henni annan stað. Um fráveitu gildir reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999, með síðari breytingum. Fyrirhugað er að setja oliugildru á niðurföll á bílastæði við Írafossstöð.

5.10 SORP

Í eða við allar byggingar skal vera aðstaða til flokkunar og geymslu sorps. Gera skal ráð fyrir þremur sorpílátum. Sorpgeymslur skulu vera í samræmi við byggingareglugerð nr. 112/2012, með síðari breytingum. Staðsetning og frágangur skal vera þannig að aðgengi sé gott og þær séu lítt áberandi. Sorphirða fer eftir reglum sveitarfélagsins hverju sinni.

5.11 VATNSVERNDARSVÆÐI ÞINGVALLAVATNS

Í aðalskipulagsbreytingunni er afmörkun vatnsverndarsvæðis Þingvallavatns lagfært þannig að það er í samræmi við lög nr. 85/2005.

6.0 UMHVERFISSKÝRSLA

Stærð svæðisins og starfsemi leiða til þess að aðalskipulagsbreytingin fellur undir 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og er því háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlaða.

Í umhverfisskýrslu þessari eru helstu umhverfisþættir metnir út frá þeim viðmiðum sem helst eru talin skipta máli miðað við stefnu sveitarstjórnar, annarra yfirvalda og markmiða laga.

6.1 UMHVERFISÞÆTTIR OG ÁHERSLUR

Í töflu 1 eru tekin saman þau umhverfisviðmið sem lögð verða til grundvallar umhverfismati. Í umhverfisskýrslu verða sett viðmið fyrir hvern umhverfisþátt. Viðmiðin verða sett með tilliti til laga og reglugerða, stefnuskjala sveitarfélagsins ásamt settum markmiðum sveitarfélagsins í samfélags- og umhverfismálum auk viðmiða í opinberum stefnuskjölum og/eða alþjóðlegum skuldbindingum.

Umhverfisþættir, helstu spurningar og viðmið:

UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNINGAR	VIÐMIÐ
Jarðfræði og jarðmyndanir	Hefur skipulagið áhrif á jarðmyndanir sem njóta verndar eða þykja sérstæðar?	Lög um náttúruvernd nr. 60 / 2013 áhersla á 61. gr. Náttúruminjasrá svæði nr. 743 og 747 Landsskipulagsstefna 2015-2026
Gróður og dýralíf	Hefur skipulagið áhrif á gróður og dýralíf?	Lög um náttúruvernd nr. 60 / 2013 áhersla á 61. og 62 gr. Svæðið Sogið-Þingvallavatn er tilnefnt vegna fugla og er alþjóðlega mikilvægt svæði fyrir himbrima, húsöng og gulönd.
Ásýnd og landslag	Hefur skipulagið áhrif á ásýnd svæða? Hefur skipulagið áhrif á ásýnd svæða?	Lög um náttúruvernd nr. 60 / 2013 69 gr. Landsskipulagsstefna 2015-2026 Reglugerð um raforkuvirki nr. 678/2009
Samfélag	Hefur skipulagið áhrif á atvinnu í sveitarfélaginu? Hefur skipulagið áhrif á notkun svæða til útvistar?	Velferð til framtíðar - Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefna um landnotkun í aðalskipulagi. Landsskipulagsstefna 2015-2026
Minjar/Verndarsvæði	Hefur skipulagið áhrif á fornminjar? Hefur skipulagið áhrif á náttúruminjar eða verndarsvæði?	Lög nr. 80 / 2012 um menningarminjar Lög nr. 85 / 2005 um vernd vatnasviðs Þingvallavatns Fornleifaskráning Húsakönnun Landsskipulagsstefna 2015-2026
Náttúruvá og öryggi	Er hættu á náttúruvá á svæðinu? Hefur skipulagið áhrif á tengingu við megin vegi út frá umferðaröryggi?	Saga svæðisins varðandi flóð og jarðskjálfta. Vegalög nr. 80/2007 Reglugerð um raforkuvirki nr. 678/2009

Tafla 1. Umhverfisviðmið sem höfð verða til hliðsjónar við mat á hugsanlegum umhverfisáhrifum aðalskipulagsbreytingarinnar.

6.2 UMHVERFISMAT - AÐFERÐIR OG STEFNA

Við greiningu á einkennum og vægi hugsanlegra umhverfisáhrifa er notast við þau hugtök sem skilgreind eru í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi áhrifa.

Við matið verður notast við þá skilgreiningu á vægi áhrifa sem fram kemur í töflu hér að neðan.

Hafa ber í huga nákvæmni áætlunarinnar þegar vægi áhrifa er metið.

Vægi áhrifa		Skýring
Jákvæð	+	Jákvæð áhrif á umhverfisþátt
Óveruleg	0	Óveruleg áhrif á umhverfisþátt
Neikvæð	-	Neikvæð áhrif á umhverfisþátt
Áhrif óljós	?	Óljós áhrif á umhverfisþátt

Tafla 2. Skilgreining á vægi áhrifa við umhverfismat.

6.3 UMFJÖLLUN UM KOSTI OG UMHVERFISÞÆTTI

Í umhverfismati áætlana ber að fjalla um svokallaðan núllkost og bera stefnu skipulagsins saman við hann, eftir því sem við á. Núll kostur „felur í sér lýsingu á ástandi umhverfisins, eins og búast má við að það þróist ef ekki kemur til framfylgdar áætlunarinnar. Í einhverjum tilfellum getur samanburður við núll-kostinn falist í samanburði við framfylgd gildandi áætlunar. Bornir verða saman þeir valkostir sem fjallað er um hér að aftan og lagt mat á hvort áhrifin séu talin jákvæð, óveruleg, neikvæð eða óviss.

Umhverfisþættir:	Áhrif:
Jarðfræði og jarðmyndanir	0
Gróður og dýralíf	0
Ásýnd og landslag	0
Samfélag	+
Minjar/Verndarsvæði	0
Náttúruvá og öryggi	+

Tafla 2. Umhverfismat.

6.4 NIÐURSTAÐA

Vetnisframleiðsla með rafgreiningu við Ljósafossstöð er að mati Landsvirkjunar hentug fyrir slíka starfsemi, þar sem á svæðinu fer nú þegar fram raforkuframleiðsla og það liggur vel við samgöngum. Starfsemin mun fara fram á þegar röskuðu svæði, sem er merkt I20, í breyttu aðalskipulagi Grímsnes og Grafningshrepps 2008 - 2020.

Gert er ráð fyrir að uppsett afl rafgreinis verði allt að 10 MW og að stærð lóðar verði um það bil 50 m x 70 m. Stærð vetnisstöðvar yrði um það bil 23 m x 30 m (700 fm) og hæð byggingar um 6,5 m.

Aðkoma að lóðinni verður frá Ljósafossstöð og gera þarf ráð fyrir útisvæði fyrir geymslu og flutninga. Tilgangur framkvæmdarinnar er að nýta betur auðlindir sem þegar hafa verið beislaðar m.a. með því að framleiða vetni þegar almenn raforkunotkun er í lágmarki, starfsemin notar lítilræði af köldu vatni.

Eina losunin sem er frá framleiðslunni er súrefni sem mun berast í andrúmsloft ásamt lítilræði af vetni þegar búnaður er ræstur eða þegar hann er þrífinn. Starfseminni fylgir ekki losun mengunarefna sem rýri jarðveg, vatn eða andrúmsloft.

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13.04 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Bygging tengivirkishúss við Írafossstöð er á svæði sem þegar er byggt og hefur byggingin því lítil sem engin áhrif á umhverfispætti. Framkvæmdin hefur jákvæð áhrif því hún bætir afhendingaröryggi raforku við ákveðin veðurskilyrði þegar ísing getur myndast á tengivirki sem utanhúss.

Það er alltaf jákvætt ef hægt er að bæta umferðaröryggi og er það gert með fækkum vegtenginga við Þingvallaveg.

Það er jákvætt að minjar skuli hafa verið skráðar og merktar á uppdrátt. Það stuðlar að verndun þeirra til framtíðar.

Gerð húsakönnunar og setning skilmála um verndun og viðhald mannvirkja tryggir að áfram verður samræmi í yfirbragði mannvirkja á svæðinu. Einnig stuðlar þetta að verndun mannvirkja sem þykja endurspegla einstakt og vandað brot í byggingalistarsögu landsins vera vitnisburður um framsækna hugsun, verkmenningu samtímans og afrek í mannvirkjagerð.

Á heildina lítið er sú stefna sem sett er fram í aðalskipulagsbreytingunni talin hafa jákvæð áhrif.

7.0 MÁLSMEÐFERÐ

Aðalskipulagsbreytingin er unnin skv. skipulagslögum nr. 123/2010.

7.1 SKIPULAGSLÝSING

Sveitarstjórn Grímsnes og Grafningshrepps samþykkti á fundi sveitarstjórnar, þann 3. mars 2021, skipulagslýsingu til kynningar og umsagna í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

7.2 UMSAGNAADILAR

Skipulagsstofnun

Umhverfisstofnun

Þingvallanefnd/Þjóðgarðsvörður

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Minjastofnun Íslands

Vegagerðin

Landsnet

Fiskistofa

Hafrannsóknarstofnun

Náttúrufræðistofnun Íslands

7.3 SKIPULAGSFERLI

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi verður auglýst, sbr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, að undangenginni athugun Skipulagsstofnunar.